

# KÓPAVOGUR

## AÐALSKIPULAG 2019-2040

Óveruleg breyting á aðalskipulagi, breyting nr. 1, samfélagsþjónustusvæði uppfært til samræmis við lóðarmörk:

### Skólatröð/Óveruleg breyting

#### Inngangur og lýsing breytingar

Unnið er að undirbúningi deiliskipulags á reit/lóð sem afmörkuð er sem S-6 í gildandi aðalskipulagi. Umrædd lóð er stærri en svæði sem sýnt er sem S-6 fyrir samfélagsþjónustu á þéttbýlisuppdrætti. Lagt er til að þetta verði lagfært og lóðin öll verði afmörkuð sem samfélagsþjónustureitur S-6 enda hefur hún til langs tíma verið nýtt þannig. Jafnframt verði texti í viðeigandi töflu (6-2) uppfærður m.a. þar sem búið er að rífa það hús sem var á lóðinni.

#### Umhverfisáhrif

Um er að ræða minniháttar lagfæringu á afmörkun á landnotkunarreitum til samræmis við lóðarmörk. Þarna hefur leikskóli verið um langa hríð og samkvæmt gildandi aðalskipulagi mega nágrannar eiga von á að sú starfsemi verði þarna áfram. Jafnframt hefur þetta sama svæði verið afmarkað sem samfélagsþjónustureitur í fyrri aðalskipulagsáætlunum. Í töflu gildandi aðalskipulags (á uppdrætti þessum) er einnig tekið fram að á reitnum sé leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar – og á það enn við.


Sjá til hliðar þéttbýlisuppdrátt og útdrátt úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir breytingu úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Digranes		
S-6	Urðarhóll/ Skólatröð	Á reitnum eru tvær deildir leikskólans Urðarhóls. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,4 og 0,15 ha.


Eftir breytingu. Úr töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Digranes		
S-6	Skólatröð	Á reitnum er/verður leikskóli en breytingar á húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu eru heimilar. Stærð um 0,2 ha.



Mælikvarði 1:10.000

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040



Mælikvarði 1:10.000

Breytt aðalskipulag


#### Skýringar

##### Landnotkun

- Athafnasvæði
- Miðsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Helgunarsvæði vega og veitna
- Íbúðarbyggð
- Próunarsvæði

##### Önnur tákn

- Göngu og/eða hjólaleið
- Borgarlínan
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Afmörkun breytingar



Mælikvarði 1:1200

Skýringarmynd. Lóðin í heild verði afmörkuð sem samfélagsþjónustusvæði enda verði nýtt þannig um langa hríð.



Mælikvarði 1:1200

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs þann 5.9.22

var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 13.9.22

'Fædis Krieginsdóttir

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 5.10.2022

'Ólafur Jónsson

